

17
4. jan.

AUGLÝSING

um framlengingu innflutningsréttinda bátaútvegsmanna.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, að innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, sbr. auglýsingu fjárhagsráðs, dags. 7. marz 1951, með áorðnum breytingum, skuli gilda áfram, þar til öðruvísi verður auglýst.

Viðskiptamálaráðuneytið, 4. janúar 1954.

Ingólfur Jónsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

18
12. febr.

AUGLÝSING

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 64 24, apríl 1946, sbr. auglýsingu nr. 17/1951.

1. gr.

Við 4. flokk vörugjaldskrár 1. gr. auglýsingarinnar (43. gr. hafnarreglugerðarinnar) bætist: olía (fuel).

Orðin „olía (fuel)“ í 6. flokki sömu greinar falli niður.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. febrúar 1954.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

19
17. febr.

AUGLÝSING

um nýja lyfsöluskrá I.

Frá og með 1. marz 1954 gengur í gildi ný lyfsöluskrá I, útgefin af þessu ráðuneyti 13. febrúar 1954. Jafnframt fellur úr gildi lyfsöluskrá I frá 1. júní 1952.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 17. febrúar 1954.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.